Reikningar.

Ágrip af reikningum yfir tekjur og gjöld opinberra sjóða, sem eru undir stjórn amtsráðanna í suðuramtinu og vesturamtinu. um árið 1876.

a. Jafnaðarsjóður suðuramtsins. 149

Tekjur.

			Kr.	A.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1875:			
	a. Í skyndilánum	2885 kr. 67 a.		
	b. Í peningum	1062 — 27 -	3947	94
2.	Niðurjöfnun á lausafje í amtinu 1876, 40 aurar á hvert hundrað		7409	14
3.	Fyrir seld 2 expl. af Levy's yfirsetukvennafræði		4	»
		Tekjur samtals	11361	8

Gjöld.

			Kr.	Á.
1.	Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála		777	»
2.	Endurgjald alþingiskostnaðar fyrir árið 1875		1092	52
3.	Til yfirsetukvenna:			
	Fyrir yfirsetukvennaverkfæri handa Melahreppi og Kjalarneshreppi, sem þeim voru útveguð árið 1872 (sjá jafnaðarsjóðsreikning fyrir það ár)		23	35
4.	Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna		337	75
5.	Ferðakostnaður embættismanna		»	»
6.	Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja		1200	»
7.	Til sáttamálefna		»	»
8.	Endurgjald á lánum:			
	a. Upp í lán vegna fjárkláðans	1000 kr. » a.		
	b. Upp í lán í tilefni af fangelsisbyggingum:			
	1. Upp í kostnað við hegningarhúsið í Rvík 662 kr. 95 a.			
	2. — í kostnað við fangelsi í Vestmannaeyjum 119 — 71 -	782 — 66 -	1782	66
9.	Kostnaður við amtsráðið		102	94
10.	Til varðkostnaðar		1120	»
11.	Ýmisleg útgjöld		467	38
12.	Eptirstöðvar:			
	a. Í skyndilánum	2664 kr. 18 a.		
	b. Í peningum	1793 — 30 -	4457	48
		Gjöld samtals	11361	8

b. Jafnaðarsjóður vesturamtsins. 150

Tekjur.

			Kr.	A.
1.	Eptirstöðvar við árslok 1875:			
	a. Skyndilán	kr. 414,87		
	b. Útistandandi hjá sýslumönnum	— 535,48		
	c. Í peningum	— 1682,97	2633	32
2.	Niðurjöfnun á lausafje 1876, 60 aurar á hvert hundrað		6793	50
		Tekjur samtals	9426	82

150

	Gjöld.		Kr.	A.
1.	Til sakamála, lögreglumála, gjafsóknarmála m. m.		474	30
2.	Til yfirsetukvenna		56	»
3.	Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna		74	»
4.	Ferðakostnaður embættismanna		67	»
5.	Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja		48	81
6.	Til sáttamálefna		20	»
7.	Endargjald kostnaðar við byggingu fangahúsa		1633	94
8.	Kostnaður við amtsráðið		391	»
9.	Til varðkostnaðar:			
	a. Eptirstöðvar af kostnaði við Hvítárvörð 1875	kr. 1080,53		
	b. Upp í kostnað við eptirlitsvörð 1876	— 452,00	1532	53
10.	Ýmisleg útgjöld:			
	Fyrir prentun á verðlagsskrám vesturamtsins 1876—77		10	74
11.	Eptirstöðvar:			
	a. Í skyndilánum	kr. 709,10		
	b. Útistandandi hjá sýslumönnum	— 815,66		
	c. Í peningum	— 3593,74	5118	50
		Gjöld samtals	9426	82

EMBÆTTASKIPUN M. FL.

Hinn 4. dag októbermán. þ. á. skipaði landshöfðingi Sigurð hreppstjóra Guðnason á Ljósavatni umboðsmann Norðursýslu- og Reykjadalsjarða og $^3/_4$ Flateyjar.

Við byrjun þessa skóla-árs fálu stiptsyfirvöldin söngkennsluna í hinum lærða skóla í Reykjavík cand. theol. Steingrími Johnsen, gegn 600 kr. árslaunum af fje því, sem til er tekið í 13. gr. fjárlaganna, B II b 2, og Jónasi Helgasyni organsláttinn í dómkirkjunni, gegn 260 kr. í laun samkvæmt sama gjaldlið í fjárlögunum; og staðfesti ráðgjafinn þá ráðstöfun 5. f. mán.

Hinn 7. þ. mán. skipaði landshöfðingi sóknarprestinn í Fljótshlíðarþingum í Rangárvallaprófastsdœmi, sira Hannes Stephensen, sóknarprest að Þykkvabœjarklaustri í Vestur-Skaptafellsprófastsdœmi, og setti hann jafnframt til að þjóna Meðallandsþingum í sama prófastsdœmi með til fardaga 1880.

Hinn 15. þ. mán. setti landshöfðingi Berg amtmann Thorberg til að endurskoða jarðabókarsjóðsreikningana um árin 1876 og 1877, — í stað Magnúsar yfirdómara Stephensen, er efri deild alþingis kaus til að yfirskoða landsreikningana um þessi ár, — gegn 400 kr. þóknun fyrir hvort árið (fjárl. 10. gr. A 3).

HEIÐURSMERKI.

Hinn 31. ágúst þ. á. þóknaðist hans hátign konunginum allramildilegast að nefna rektor hins lærða skóla í Reykjavík, Jón Þorkelsson, riddara af dannebrog.

PRESTVÍGSLA.

Hinn 9. septbr. þ. á. vígði biskup landsins kandídat Hans Jóhann Þorkelsson prest að Mosfelli í Kjalarnesþingi.

ÓVEITT EMBÆTTI.

Fljótshlíðarþingabrauð í Rangárvallaprófastsdœmi, metið kr. 566,81; augl. 8. þ. mán.